

ÁRSSKÝRSLA KVÍSLARSKÓLA 2022-2023

Ársskýrsla Kvíslarskóla 2022 – 2023

Eins og fram kemur í ársskýrslu skólans 2021-2022 var skólaslitum og útskrift 10. bekkja flýtt vorið 2022 vegna viðgerða á skólanum. Útskrift 10. bekkja var haldin við hátíðlega athöfn í FMOS 2. Júní og skólaslitin voru í skólanum 3. júní. Síðustu dagana var starfsfólki gert að vinna heima vegna framkvæmda við skólabygginguna og eftir það var haldið í langþráð sumarfrí.

Skólabyrjun haustið 2022.

Framkvæmdir stóðu enn yfir á starfsdögum 2022 og ekki hægt að hefja skólastarfið með eðlilegum hætti. Skólastarfið hófst í Hlégarði og starfsfólk hóf undirbúninginn þar. Eftirfarandi bréf var sent til foreldra að hausti um skólabyrjunina.

Nú nálgast skólabyrjun en í allt sumar hefur verið lögð nótt við dag við endurbætur á skólanum okkar, Kvíslarskóla.

Samkvæmt skóladagatali var skólasetning áformuð þann 23. ágúst. Ljóst varð í byrjun þessarar viku að ekki er unnt að koma fyrir og tengja lausar kennslustofur á skólalóð fyrir skólabyrjun.

Gert er ráð fyrir að þær verði tilbúnar í fyrstu viku september og á sama tíma verði lokið við þann hluta fyrstu hæðar í aðalhúsi þar sem salerni eru staðsett. Til að skapa verktökum á svæðinu gott svigrúm á framkvæmdasvæði Kvíslarskóla var samþykkt í bæjarráði Mosfellsbæjar í morgun að breyta skóladagatali og færa skólasetningu til mánudagsins 29. ágúst.

Eins og áður hefur verið kynnt þá verður meginhluti neðri hæðar skólans ekki í notkun fram að áramótum vegna endurinnréttingar hæðarinnar. Þó með þeirri undantekningu að fatahengi og endurgerð salerni nemenda verða tilbúin til notkunar í byrjun september. Fram að þeim tíma verður salernisaðstaða í sérstökum salernishúsum á skólalóðinni (fullbúin salerni).

Mosfellsbær hefur leigt átta lausar skólastofur sem komið verður fyrir á skólalóðinni og gert er ráð fyrir því að þær verið tilbúnar til notkunar fyrstu viku september. Efri hæð skólans verður hins vegar tilbúin til notkunar fyrir skólasetningu.

Þrátt fyrir ítarlega skoðun á mögulegum útfærslum á því að fá aðkeyptan mat inn í skólann varð það niðurstaða að nemendur þurfa að koma með nesti að heiman þar til endurbótum er lokið á fyrstu hæð skólans þar sem mötuneytið er staðsett.

Félagsmiðstöðin Bólið mun bjóða upp á dagskrá fyrir unglinga vikuna fyrir skólabyrjun og munu þau senda út dagskrána.

Boðað er til árgangafunda með foreldrum þar sem farið verður yfir skólastarfið í vetur í hverjum árgangi fyrir sig og fyrirkomulag kennslu í upphafi skólaárs. Einnig verða veittar nánari upplýsingar um stöðu endurbóta á húsnæði Kvíslarskóla. Póstur með dagsetningum og tíma verður sendur út fyrir helgi.

Kynningarfundir fyrir foreldra voru haldnir í Hlégarði 25. ágúst.

8. og 9. bekkur kl. 8:15

7. bekkur kl. 16:30.

10. bekkur kl. 18:00.

Stjórnendur og fulltrúar frá Mosfellsbæ fóru yfir húsnæðismálin og skipulag skólastarfs.

Boðið var upp á kaffi og með því.

Skólasetningin fór fram í Hlégarði 29. ágúst þar sem miklar framkvæmdir voru í og við skólann, m.a. verið að flytja nýjar skólastofur á skólalóðina og mikil umferð var við svæðið.

September

Fyrstu dagarnir

Dagana 30. ágúst til 6. september var hópefli haft í forgrunni vegna framkvæmdanna við skólann. Farið var í ýmsar lærdómsríkar ferðir þar sem nemendur og starfsfólk höfðu

tækifæri til að kynnast og búa sig undir komandi vetur, sem dæmi má nefna Hveragerði, í Viðey, á Þingvelli og í Skemmtigarðinn. Veðrið var allskonar þessa daga en allir skemmtu sér vel. Nemendur voru jákvæðir og starfsfólk lausnamiðað, þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

Inn í skólahúsnæðið

7. september tókum við fyrst við nemendum inn í skólann.

30. september. **Útikennslustofurnar** voru að taka á sig mynd. Verið var að koma fyrir kennslubúnaði í fyrstu stofunum og búið að flytja húsgögn og innanstokksmuni í stofurnar.

Október

4. október. Mosfellsbær bauð starfsfólki Kvíslarskóla í hádegismat sem þakklætisvott fyrir dugnað og þrautseigju við erfiðar aðstæður. Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Linda Udengård framkvæmdarstjóri fræðslusviðs komu í heimsókn, borðuðu með okkur og skoðuðu aðstæður.

14. október. Allar **útikennslustofur** eru komnar í notkun og allt að verða klárt fyrir fyrstu Flipp flopp daga skólaársins.

Tungumála Flipp flopp fór fram dagana 17.-18. október. Segja má að það hafi ríkt líf og fjör í skólanum þessa daga. Samþætting dönsku, ensku og íslensku. Þemað var Halloween þar sem hryllingurinn sveif yfir vötnum og listaverkin urðu til.

31. október. **Hrekkjavakan** fór vel fram í skólanum og nemendur skemmtu sér vel. Ballið í Helgafellsskóla fór einnig vel fram. Nokkrir nemendur hlutu verðlaun fyrir flottustu búningana frá Huppu ísbúð þegar hún opnaði hér í Mosfellsbæ.

Nóvember

1. nóvember. Fengum **Skólamat** í hús í fyrsta sinn og matsalur útbúinn á sal efri hæðar. Boðið var upp á lasanga. Nemendur voru saddir og sælir enda tilbreyting frá samlokunum sem stóðu nemendum til boða frá skólabyrjun.

4. nóvember. **Rithöfundarnir** Arndís Þórarinsdóttir og Ævar Þór Benediktsson heimsóttu 7.bekkina. Umræðuefnið var: Hvernig er hin fullkomna barnabók? Er hún löng eða stutt? Má hún vera um hvað sem er? Hvernig bækur á alls ekki að skrifa? Rithöfundarnir hafa rannsakað þetta mál til hlítar. Þau Arndís og Ævar hafa lesið mikið af bókum, skrifað mikið af bókum og hugsa mikið um bækur. Það reyndist þeim því auðvelt að svara þessum spurningum. Nemendur hlustuðu af athygli enda Arndís og Ævar einstaklega skemmtileg.

7-8. nóvember. 7. bekkur fór í vel heppnaða ferð í **Vatnaskóg**.

8. nóvember. **Dagur gegn einelti**. Það hefur skapast hefð í skólanum að dansa gegn einelti í íþróttahúsinu þennan dag og nemendur og starfsfólk skemmtu sér konunglega undir líflegri tónlist.

Þann 9. nóvember 1972 tók Gagnfræðaskólinn í Mosfellsbæ til starfa og **skólinn því 50 ára** þann dag.

Miðvikudaginn 16. nóvember var haldið upp á **Dag íslenskrar tungu** með söng og gleði á sal.

22. nóvember. **Þorgrímur Þráinsson** ræddi við nemendur 10. bekkja um sjálfstraust og jákvæðan lífsstíl.

24.-25. nóvember sáu samfélagsfræðikennarar um að skipuleggja **Flipp floppið**. Verkefni voru eftirfarandi eftir árgöngum:

- 7. bekkur vann með ásatrú.
- 8. bekkur vann með villta vestrið.
- 9. bekkur vann með árið 1918 og áttu að hugsa sér að þau væru fréttamenn í fréttastofu sjónvarps.
- 10. bekkur – '68 kynslóðin "Rokk og róttækni"

Desember

6. desember. **Rithöfundurinn** Elísabet Thoroddsen las fyrir nemendur í 8. bekk Kvíslarskóla þann dag. Hún var tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki barna- og unglingabókmennta fyrir bókina *Allt er svart í mykrinu*.

12. desember. Mikill metnaður er lagður í **árlegar jólahurðaskreytingar**. Dómnefndin átti erfitt starf fyrir höndum þetta árið en komst að því að eftirfarandi bekkir ættu fallegustu hurðirnar í ár.

1. sæti - 8. ES Stofa 221

2. sæti - 9. HG Stofa 202

3. sæti - 8. HH Stofa 203

Verðlaunin fyrir frumlegustu skreytinguna hlaut 7. TH Stofa 208.

16. og 19. desember. **Verkgreina Flipp flopp**.

- 7. bekkur – Skuggamyndir í glugga.
- 8. bekkur – Hátíðarmatur um víða veröld.
- 9. bekkur – Hanna sín eigin lopapeysu úr notuðum peysum (endurvinnsla).
- 10. bekkur – Unnið með jólasveinana og fjölskyldur þeirra.

Mörg framúrskarandi listræn verkefni litu dagsins ljós þessa daga.

Janúar

Áfram halda framkvæmdir og erum við ákaflega stolt af **endurgerðum aðalinngangi**. Bendum líka á nýju fallegu mottuna okkar við innganginn – **Velkomin í Kvíslarskóla** 😊 Glöddumst við hvert skref til úrbóta.

Samfélagslöggurnar Sigrún og Elísabet heimsóttu okkur í janúar og héldu erindi í Bólinu um skuggahliðar samfélagsmiðla. Þetta var mikilvæg fræðsla og voru nemendur duglegir að spyrja spurninga. Rætt var um hatursorðræðu, myndbirtingar, sakhæfisaldur og fleira.

Febrúar

Skólastarfið var brotið upp á fimmtudag og föstudag 1. og 2. febrúar með **Flipp floppi**. Þá var stærðfræðin lögð til grundvallar náminu og ótalmörgu fléttað inn í kennsluna. Hver og einn árgangur var með mismunandi verkefni að venju.

- Nemendur í 7. bekk smíðuðu byggingu úr kubbum og bjuggu til slönguspil.
- Nemendur í 8. bekk gerðu tölfræðikönnun í íþróttahúsinu og bjuggu til stærðfræðispil.
- Nemendur í 9. bekk undirbjuggu þriggja mánaða heimsreisnu þar sem meðal annars var reiknaður kostnaður við ferðina.

- Nemendur í 10. bekk gerðu myndband um stærðfræði í daglegu lífi.

Hér eru eingöngu nefnd örfá dæmi af fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum sem allir höfðu gagn og gaman af.

6-10. febrúar. Nemendur 9. bekkja fóru í vikufé á **Laugarvatn** þar sem þau lærðu margt um lífið og tilveruna og treystu vináttuböndin.

Nemendasalernin voru tilbúin í janúar. Þangað til bauðst nemendum að nýta sér köld og óvistleg útisalerni sem komið var fyrir á skólalóðinni. Umgengni var verulega ábótavant á nýju salernunum í byrjun þar sem nemendur gengu illa um og hópuðust inn á hlý salernin í ýmsum erindagjörðum. Fórum í herferð í kjölfarið og fengum nemendur og foreldra til liðs við okkur.

Eftirfarandi bréf var sent til foreldra í byrjun febrúar:

Umgengnin hefur lagast á salernum og skemmdirnar hafa verið lagfærðar. Fulltrúar nemendaráðs gengu í alla bekki og ræddu við nemendur á jafnréttisgrundvelli um umgengni og það hvernig við viljum hafa skólann okkar. Þeir voru til fyrirmyndar og sannarlega verðugir fulltrúar nemenda.

10. bekkur fékk **kynningu frá Borgarholtsskóla í vikunni**. Tveir starfsmenn og tveir fulltrúar nemenda sögðu frá því sem skólinn hefur upp á að bjóða. Þau hrósuðu börnunum ykkar (sent til foreldra) fyrir kurteisi, að hlusta af áhuga og spyrja málefnalega spurning.

22. febrúar. Það var líf og fjör á sal Kvíslarskóla á **öskudaginn**. Byrjað var á fjöldasöng undir stjórn Davíðs Ólafssonar kennara. Stjórn nemendafélagsins sá um að halda uppi fjörinu með skemmtilegum leikjum. Nemendur á sal voru til mikillar fyrirmyndar og skemmtu sér konunglega. Veitt voru verðlaun fyrir búninga í hverjum árgangi og fyrir frumlegasta búninginn.

Bréf sent foreldrum í febrúar:

Kæru foreldrar/aðstandendur nemenda í Kvíslarskóla.

Við viljum vekja athygli ykkar á því að **skólabragurinn er til fyrirmyndar í skólanum**. Það eru fá agavandamál sem koma upp og nemendur sýna upp til hópa virðingu, þrautseigju og ábyrgð í námi og starfi. Umgengnin hefur lagast til muna og sjaldgæft að nemendur fari

framfyrir í matarröðinni, svo dæmi séu tekin. Við leggjum okkur líka fram um að viðhafa fjölbreytta kennsluhætti og þróa tæknina í skólastarfinu sem best við getum.

Okkur hefur öllum tekist að gera gott úr erfiðum aðstæðum vegna framkvæmda, erum jákvæð og lausnamiðuð, nemendur, starfsfólk og foreldrar. Við gerum okkur grein fyrir að framkvæmdirnar urðu viðameiri en ráð var fyrir gert í upphafi en hlökkum sannarlega til komandi tíma í glæsilegum Kvíslarskóla.

Endilega ræðið við börnin ykkar um skólastarfið og látið okkur vita ef einhverju er ábótavant. Góður skólabragur og framúrskarandi skólastarf er sannarlega samstarfsverkefni heimila og skóla og ekki undir glæsilegri yfirbyggingu komið. Innra starfið og samvinnan er það sem mestu máli skiptir.

Mars

Frétt af skólastarfinu 7. mars.

Kvíslarskóli sigraði í **undankeppni Spurningakeppni grunnskólanna** Fulltrúar skólans stóðu sig með glæsibrag. Aroni Frosta Ástu, Baldri og Daníel (öll í 10. bekk) var þökkuð framúrskarandi frammistaða fyrir hönd Kvíslarskóla. Úrslitin voru í Ráðhúsi Reykjavíkur 18. apríl. Fulltrúar okkar stóðu sig mjög vel þar en báru ekki sigur úr býtum.

Fréttir af skólastarfinu í mars. Bréf sent til foreldra:

Skólastarfið hefur gengið vel undanfarið og sólín farin að skína á okkur. Við höfum ekki komist á skíði en munum reyna hvað við getum í þessum mánuði að komast í fjöllin. Þessa dagana er verið að laga hreystibrautina á skólalóðinni og verður gaman að fá hana í lag aftur.

Framundan er:

- Flipp flopp í náttúrufræði verða dagana 13. og 14. mars.
- Árshátíð 8.-10. bekkja 15. mars
- Árshátíð 7. bekkja 16. mars
- BRÆÐINGUR: FMOS býður nemendum í 10. bekk í heimsókn fimmtudagskvöldið 16. mars.
- Samfélagsfræðikennararnir eru að skipuleggja ferðir á skólaþing fyrir nemendur í 10. bekk. Skólaþing er starfrækt í sama húsi og skrifstofur Alþingis, við Austurvöll. Þar

munu krakkarnir setja sig inn í tilbúna aðstæður, leggja fram frumvarp, vinna í nefndum og fara á þingflokksfundi.

- Mín framtíð, Íslandsmót iðn-og verkgreina, í Laugardalshöll fyrir 9. og 10. bekk 16.-18. mars <https://namogstorf.is/>

Við bendum ykkur foreldrum á að kynna ykkur þessa síðu og alltaf velkomið að hafa samband við okkur.

13.-14. mars. **Flipp flopp náttúrufræði.** Nemendur í 10. bekk krufu brjóstholslíffæri úr svínum. Markmið krufningarinnar var að nemendur fengju að sjá innfli dýra, snerta þau og um leið að átta sig á hvernig líffæri líta út. Nemendur voru einstaklega áhugasamir, tóku þátt og unnu samviskusamlega að verkefnum sínum. Nokkrir höfðu á orði hve þeir lærðu mikið á að skoða þetta svona, ræða saman og vinna verkefni, þetta væri svo miklu skemmtilegra og lærdómsríkara en að vinna verkefni í bókinni og það segir meira en mörg orð. Í dag horfðu þau á myndina Lof mér að falla og rætt var um áhrif og skaðsemi fíkniefna.

- Nemendur 9. bekkja unnu skapandi verk um sjálfbærni í samfélaginu fyrri daginn og ræddu neysluvenjur. Seinni dagurinn var nýttur í efnafræðitilraunir sem vöktu upp mikla kátínu og áhuga.
- Nemendur 8. bekkja unnu með rafmagnsfræði og spreyttu sig á rafmagnssetti og settu upp nokkrar straumrásir.
- Nemendur 7. bekkja unnu að nýsköpun, bjuggu til hugmyndir og sáu þær einhverjar verða að veruleika. Margar góðar hugmyndir komu fram.

Tilkynning send foreldrum um væntanlega viðburði:

- **BRÆÐINGUR: FMOS** býður nemendum í 10. bekk í heimsókn fimmtudagskvöldið 16. mars.
- Samfélagsfræðikennararnir eru að skipuleggja ferðir á **skólalaping** fyrir nemendur í 10. bekk. Kennararnir munu senda ykkur nánari upplýsingar um það. Skólalaping er starfrækt í sama húsi og skrifstofur Alþingis, við Austurvöll. Þar munu krakkarnir setja

sig inn í tilbúna aðstæður, leggja fram frumvarp, vinna í nefndum og fara á þingflokksfundi.

- **Mín framtíð**, Íslandsmót iðn-og verkgreina, í Laugardalshöll fyrir 9. og 10. bekk 16.-18. mars <https://namogstorf.is/>

17. mars. Eftirtaldir nemendur Kvíslarskóla komust í topp 10 í **stærðfræðikeppni Borgarholtsskóla:**

- Axel 9.RJ - 3. sæti
- Aþena Rán 10. KH - 10. sæti
- Karen Hanna 10. AÁ - 8. sæti
- Ásta 10. EJÚ - 3. sæti
- Aron Frosti 10. AÁ -2. sæti
- Við óskum þeim til hamingju með frábæran árangur.

Frétt 23. mars. Í dag fór lokahátíð **Stóru upplestrarkeppinnar í 7. bekk í Mosfellsbæ** fram í sal okkar í Kvíslarskóla. Þær Díana Bragadóttir, Hrafnhildur Lea Karlsdóttir, Ingibjörg Guðný Guðmundsdóttir og Elín Helga Jónsdóttir sem eru nemendur okkar í 7. bekk voru fulltrúar Kvíslarskóla í keppninni í ár. Við erum gríðarlega stolt af þessum hæfileikaríku stúlkum sem eru síðustu vikur og mánuði þúna að leggja sig allar fram við að æfa sig í upplestri undir stjórn Bjarkar Einisdóttur deildarstjóra og Kristínar Ástu Ólafsdóttur fagstjóra íslensku, en þær hafa þjálfað nemendur fyrir keppnina.

Úrslit keppinnar voru þau að Elín Helga hlaut fyrstu verðlaun og Ingibjörg Guðný önnur. Það var svo Hrafnhildur Rut Njálisdóttir nemandi í Lágafellsskóla sem hlaut þriðju verðlaun.

Við óskum öllum keppendum innilega til hamingju með glæsilegan árangur en þó sérstaklega okkar stúlkum sem voru skólanum sínum svo sannarlega til sóma í þessari skemmtilegu keppni.

28. mars. Farið í langþráða **skíðaferð** og veðrið lék við okkur.

Maí

Frétt 16. maí. Nemendur í 10. bekkjum Kvíslarskóla hafa verið að vinna **lokaverkefni í dönsku**. Verkefnið er fjölbreytt og skemmtilegt. Krakkarnir stofna veitingahús/kaffihús, gera matseðla, hanna staðinn, búa til umsóknareyðublöð fyrir umsækjendur, heimasíður eða instagransíður og auglýsingar. Það er gaman að sjá hvað flestir nemendur leggja á sig til að skila verkefnunum með sóma. Margir hafa lært á ný forrit svo sem arkitektar forrit og Canva fyrir bæklinga og auglýsingar. Nokkrir hópar mættu með veitingar fyrir kennarann. Virkilega skapandi og skemmtilegt verkefni.

Lokaverkefni 10. bekkja. Sú hefð hefur skapast í skólanum að nemendur í 10. bekk vinni að lokaverkefni í nokkra daga áður en lagt er upp í lokaferðina. Þema lokaverkefnisins vorið 2022 var "*Störf*" og var nemendum gefinn kostur á að fara í starfskynningu fyrir utan skóla. Þeir unnu verkefni og undirbjuggu lokasýningu fyrir samnemendur, starfsfólk og foreldra sem að þessu sinni var 26. maí.

Starfskynningarnar eru hluti af náminu og velja nemendur sér fyrirtæki í þeim tilgangi að kynnast starfsháttum þess, bæði til fróðleiks og ánægju. Markmiðið með starfskynningunni er að kynna nemendum hina ýmsu atvinnumöguleika sem í boði eru, ýta undir áhuga þeirra á námi og hvers skonar þekkingarleit og víkka sjóndeildarhringinn.

Nemendur voru hvattir til að kynna sér **starf sem snýr að tækni, iðn- verk- og/eða listgreinum** og setja sig í samband við fyrirtæki sem þau höfðu áhuga á að heimsækja.

Það er samróma álit starfsfólks skólans að lokasýningin hafi farið vel fram. Krakkarnir voru upp til hópa kurteisir, tóku áhugasamir og brosandi á móti gestum sínum og virtust eiga svör við spurningum sem beint var til þeirra. Þá var ánægjulegt að heyra um framtíðaráform þeirra því þau virðast flest eiga sér háleit markmið varðandi nám og störf.

Rýmingaráætlun í maí.

Fimmtudaginn 25. maí var haldin rýmingaræfing í Kvíslarskóla. Farið var yfir neyðaráætlun ef upp kemur eldur. Daginn eftir komu slökkviliðsmenn frá stöðinni á Skarhólabraut í heimsókn og ræddu við stjórnendur um nokkur atriði.

Júní

1.-2. júní. **Flipp flopp íþróttadagar**. Skipulagið var í höndum íþróttakennaranna okkar og var dagskráin fjölbreytt og skemmtileg að venju.

Farið var í ratleik, vatnsstríð, sund, Frisbígolf, ýmsar þrautir í Fellinu og just dance í íþróttahúsinu, svo eitthvað sé nefnt.

5. og 6. júní. Útivistardagar. Viðraði vel til ratleikja og gönguferða.

6. júní. Í dag var mikill hátíðisdagur þegar við **útskrifuðum 118 nemendur úr 10. bekk** við glæsilega athöfn í sal skólans. Skólastjórnendur, kennarar og fulltrúar bæði nemenda og foreldra héldu ræður nemendum til heiðurs og gaman var að sjá skólann enn á ný fullan af gestum og fylla hann lífi. Hæfileikaríkt tónlistarfólk úr hópi nemenda lék á hljóðfæri og viðurkenningar voru veittar fyrir góðan árangur af ýmsu tagi. Nemendur voru allir leystir út með rós og gott veganesti inn í framtíðina. Við erum afar stolt af þessum glæsilega hópi og erum þakklát fyrir að hafa fengið að vera þátttakendur í lífi þessara yndislegu ungmenna og tekið þátt í að móta þau sem einstaklinga. Við óskum útskriftarnemendum okkar bjartar framtíðar og velfarnaðar á lífsins vegi. ❤️

6. júní. Háskólinn í Reykjavík hvetur konur til náms í tæknigreinum og liður í því er verkefnið **Stelpur og tækni**, þar sem stelpum úr 9. bekkjum grunnskóla er boðið í háskólann og tæknifyrirtæki. Markmið verkefnisins er að vekja áhuga stelpna á ýmsum möguleikum í tækninámi og störfum, brjóta niður staðalímyndir og sýna þeim fjölbreytileikann sem einkennir tækniiðnaðinn. Stelpurnar í Kvíslarskóla tóku þátt í þessu verkefni.

7. júní. **Skólaslitin** fóru fram með hefðbundnum hætti þar sem Þórhildur skólastjóri sleit skólanum á sal og umsjónarkennarar afhentu einkunnir.

Það með með sanni segja að árið hafi verið viðburðaríkt og skemmtilegt. Það voru glaðir nemendur og kennarar sem héldu í langþráð sumarfrí þennan dag eftir lærdómsríkan og viðburðaríkan vetur.

Annað:

Uppeldi til ábyrgðar

Kvísarskóli heldur áfram að innleiða uppbyggingarstefnuna „Uppeldi til ábyrgðar“. Þar er lögð áhersla á að kenna nemendum á sjálfsstjórn og sjálfsaga og þjálf þá í jákvæðum samskiptum. Unnið var eftir ákveðnum kennsluáætlunum í hverjum árgangi og þær aðlagðar að skólastarfi Kvísarskóla.

Framhaldsskólasamstarf

Í Kvísarskóla er reynt eftir megni að kynna 10. bekkjum þær námsleiðir sem til boða standa að loknum grunnskóla. Námsráðgjafi skipuleggur þá kynningu í samráði við deildarstjóra unglingastígs. Árlega er nemendur boðið í FMOS, þar sem farið er yfir starfsemi og brautir skólans svo og inntökuskilyrði. Námsráðgjafi er í reglulegu sambandi við námsráðgjafa annarra framhaldsskóla til að geta sem best upplýst nemendur Kvísarskóla um allt sem þarf að vita um starfsemi þeirra. Á hverju ári stunda nokkrir nemendur fjarnám í tungumálum og stærðfræði til dæmis við Fjölbrautaskólann Ármúla.

Ungt fólk og Danmörk

Dönskukennarar skólans hafa undanfarin ár staðið fyrir vali í 9. og 10. bekk *Ungt fólk og Danmörk*. Nemendur og kennarar frá Danmörku komu í heimsókn 8.-12. maí og nemendur og dönskukennarar skólans fóru til Danmerkur 24.- 28. maí. Mikil ánægja var með skipulagið í báðum löndum og kennararnir okkar, Thelma og Kristjana eiga svo sannarleg hrós skilið fyrir utanumhaldið.

Stjórnendur hafa unnið að mikilvægum verkefnum í vetur:

- Umbótaáætlun.
- Stefna skólans.
- Skólanámskrá.
- Starfsáætlun.
- Heildræn áætlun um stuðning við nemendur.
- Uppfærsla gagna vegna nýs skóla.

Svo fátt eitt sé nefnt.

Tilnefning til Menntaverðlaunanna 2023 fyrir Flipp flopp í Kvíslarskóla.

Þess er vert að geta að foreldrafélag Kvíslarskóla tilnefndi skólann til Menntaverðlaunanna 2023 fyrir Flipp flopp verkefnið.

Gjöf foreldrafélagsins.

Foreldrafélagið færði skólanum 1000.000 að gjöf á vordögum til húsgagna- og eða tækjakaupa og færum við þeim bestu þakkir fyrir. Hlökkum til að gera skólann fallegan í haust.

Styrkir úr Klörusjóði.

Davíð Ólafson fékk 500.000 króna styrk úr sjóðnum en styrkurinn mun nýtast til að byggja upp tónlistarkennslu í Kvíslarskóla.

Örn Bjartmars Ólafsson stærðfræðikennari hlaut styrk að upphæð 300.000 til þess að efla rafræna kennsluhætti í stærðfræð.

Að lokum:

Við höfum á að skipa áhugasömum nemendum, framúrskarandi starfsfólki sem vilar ekkert fyrir sér, ásamt öflugri og áhugasamri stjórn foreldrafélagsins sem er mikill styrkur fyrir skólann okkar.

Við hlökkum til að takast á við skólaárið 2023-2024 með allt þetta í farteskinu. Þó húsnaðið hafi ekki upp á það besta hefur starfið verið faglegt, fjölbreytt og skemmtilegt í Kvíslarskóla í vetur.